

Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps  
Bjarni Reykjalin  
Kjarni  
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. október 2012  
Tilvísun: UST20120800074/bs

### Breyting á deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar - Umsögn


Vísað er til bréfs skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps 21. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingar á deiliskipulagi Bjarnarflagsvirkjunar.


Í breytingunni er um að ræða:

1. Breyting á aðkomuvegi. Ráðgert var að tenging yrði við Hringveg 1. Þessi veltenging verður þess í stað við aðkomuveg að Jarðböðum. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við þessa breytingu.
2. Mannvirkjabelti verður lengt til vesturs þannig að það nái yfir sprungu sem ráðgert er að nýta til neyðarlosunar. Umhverfisstofnun vill benda á að þar sem nokkuð langur tími er liðinn frá því að mat á umhverfisáhrifum Bjarnarflagsvirkjunar fór fram telur stofnunin að endurmeta ætti áhrif allrar losunar affallsvatns með hliðsjón af því hvernig tekist hefur til við sambærilega losun í öðrum háhitavirkjunum. Þetta verði gert í ljósi mikilvægis Mývatns, sbr. lög um verndun Mývatns nr.97/2004 en markmið laganna er að tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum og tryggja vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Mývatn og Laxá eru einnig á skrá um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði samkvæmt Ramsarsáttmálanum sem hefur alþjóðlegt verndargildi og hefur Ísland skuldbundið sig til þess að framfylgja þeim samning
3. Borsvæði B6 er lengt til vesturs.
4. Byggingarreitur R1 stækkaður til vesturs til að forðast sprungur.
5. Mörkum orkuvinnslusvæðis er breytt við byggingarreit R2 og þau löguð að landslagi.
6. Breytt lega göngustíga.
7. Ný lagnaleið frá mannvirkjabelti að lóð Létsteypunnar.

Umhverfisstofnun telur að breyting á mörkum svæða til að tryggja betri aðlögun að landi sé til bóta. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við ofangreindar breytingar á deiliskipulagi. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

  
Aqalbjörg Birna Guttormsdóttir  
deildarstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur